

Alþingi  
Erindi nr. Þ 131/1009  
komudagur 8. 3. 2005

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND  
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT



NEYTENDASAMTÖKIN

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

SÍÐUMÚLA 13  
108 REYKJAVÍK  
SÍMI 545 1200  
TELEFAX 545 1212  
ns@ns.is  
PÓSTHÓLF 8160  
128 REYKJAVÍK

Reykjavík 7. mars 2005


**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á sölu símans, 44. mál.**

Neytendasamtökin lýsa yfir stuðningi við tillöguna og hvetja til þess að hún verði samþykkt. Neytendasamtökin vísa til ályktunar sem samtökin sendu frá sér um þetta mál 31. janúar sl.:

“Grunnnetið verði aðskilið frá Landsímanum

Neytendasamtökin taka undir kröfu nokkurra fyrirtækja á fjarskiptamarkaði um að nauðsynlegt sé að aðskilja grunnnet Landsímans frá fyrirtækinu og að það verði ekki selt með Landsímanum eins og virðist ætlan stjórnvalda. Neytendasamtökin minna á að allir aðilar á þessum markaði þurfa að hafa aðgang að grunnnetinu til að geta boðið þjónustu sína. Ef tryggja á virka og eðlilega samkeppni á markaði til framtíðar er að mati Neytendasamtakanna nauðsynlegt að grunnnetið verði áfram í eigu hins opinbera og sem leigi símafyrirtækjum aðgang að því, með því verði bæði tryggt eðlilegt aðgengi samkeppnisaðila um leið og tryggt er auðveldari aðgengi nýrra aðila í sölu símaþjónustu. Með slíku verður jafnframt komið í veg fyrir samkeppnishindranir sem einkafyrirtæki sem ræður grunnnetinu getur komið upp. Um leið tryggir þetta til þess að hagnunum aðila í hinum dreifðu byggðum landsins verði betur tryggður eðlilegur aðgangur að fjarskiptaþjónustu. Það er því að mati Neytendasamtakanna mikilvægt að tryggja sem virkasta samkeppni á þessum markaði og það verður best gert með því að aðskilja grunnnetið áður en Landsíminn verður seldur til einkaaðila. “

Virðingarfyllst,  
f.h, Neytendasamtakanna

  
Jóhannes Gunnarsson formaður